

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
25.08.21	17:00	Lögberg 101 og Teams	3
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir	25.08.21	

Fundaraðilar mættir

Félagsvísindasvið:

Margrét Júlía fyrir Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)

Stefán Kári Ottósson (Röskva) rafrænt

Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka)-rafrænt

Kjartan Ragnarsson (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)

Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)

Kristján Guðmundsson (Röskva)

Hugvísindasvið:

Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)

Anna María Björnsdóttir (Röskva)

Draumey Ósk fyrir Sigurður Karl Pétursson (Röskva)

Menntavísindasvið:

Rósa Halldórsdóttir (Röskva)

Hera Richter fyrir Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)

Erlingur Sigvaldsson (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Ingvar Þóroddsson (Röskva)

Inga Huld Ármann (Röskva)

Helena Gylfadóttir (Röskva)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ

Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ

Haukur Friðriksson, forseti stúdentasjóðs

Lilja Hrönn, forseti lagatilbreytingarnefndar

Birta Karen Tryggvadóttir, forseti fjármála og atvinnulífsnefnd

Jóna Guðbjörg, forseti Fjölskyldunefndar

Erlingur Sigvaldason, forseti jafnréttisnefndar

Stefán, forseti félagslíf og menningarnefndar

Sindri Freyr Ásgeirsson, sviðsráðsmeðlimur
María Sól Antonsdóttir, nefndarmeðlimur

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 18. ágúst 2021 í Lögberg 101 og á Teams kl. 17:00

*Agenda Student Council Meeting on August 18th 2021 in Lögberg-101 and on Teams at
17:00*

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

4. Lög Stúdentasjóðs (kynning og atkvæðagreiðsla) 17:25-17:40

Vote on the Student Fund's Laws

5. Lög Stúdentaráðs (Umræður og atkvæðagreiðsla) 17:40-17:50

Vote on the Student Council's laws

6. Skipan í stjórn Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 17:50-18:00

Appointment to the Student Fund's board

7. Vísindaferð í Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:15

Vote on a proposal for Informational visits to the Student Council

8. Hlé 18:15-18:25

Intermission

9. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:25-19:25

Vote on the Student Council's committees implementation plans

10. Önnur mál 19:25 - 19:35

Other issues

11. Fundi slitið 19:35

Meeting ends

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

a. kl. 17:04

b. Isabel leggur til breytingar á dagskrá:

- i. Að ekki kjósa um lög stúdentasjóðs og stúdentaráðs vegna ósamræmis milli laga stúdentasjóðs og reglur HÍ. Reglur varðandi HÍ þarf að bera undir Háskólaráð. 2 kjörnir fulltrúar og 5 sem sviðsráð kýs um. En reglurnar eru öðruvísi í HÍ. Þetta verður því tekið fyrir í rafrænni atkvæðagreiðslu seinna. lög stúdentaráðs: það er ekki í lögum að stúdentaráð skipi í stjórn stúdentasjóðs.

1. 6 liður fellur niður

2. Það verður kynning á 4 og 5 lið

c. atkvæðagreiðsla: 14 einróma samþykkt

Sindri Freyr mætir 17:08 á fundinn

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Athugasemdir: Engar

b. Atkvæðagreiðsla.

c. 3 sitja hjá 11 samþykkt

d. Fundargerð samþykkt

3. Tilkynningar og mál á döfinni

Announcements and issues ahead

- a. **Októberfest:** Það er nú staðfest að hátíðin verði ekki haldin á sínum hefðbundna tíma í september. Eins og staðan er núna þá er ekki komin ný dagsetning, enda margir þættir sem þurfa að ganga upp fyrir okkur til að geta tekið þá ákvörðun. Stefnan er þó enn á að hátíðin fari fram seinna á haustinu sem þýðir jafnframt að umgjörðin taki breytingum. Allt sem tengist hátíðinni er ákveðið í samstarfi við Paxal og eru það þau sem sjá um alla uppsetningu, leyfisveitingar, samskipti við veitingasala og samstarfsaðila Stúdentráðs osfrv. Stúdentaráð sér um samskiptin við Háskóla Íslands, nágrannana og miðasölu. **Hátíðin verður ekki í sama sniði. Það er á áætlun að halda hátíðina í október, ef það gengur ekki þá myndi það verða í nóvember.**

María Sól Antonsdóttir mætir 17:12

b. Nýnemadagar: Þeir verða ennþá haldnir 30. ágúst til 3. september, en með rafrænum hætti. Stúdentaráð verður alfarið með 31. ágúst og mun halda Grænan nýnemadag, sem forseti og forseti umhverfis- og samgöngunefndar hafa sótt fundi vegna.

Humyndin þar er að grænfána afhendingin fari fram á Háskólatorgi, í kjölfarið sé fánanum flaggað fyrir utan Aðalbyggingu og því næst fari allir fylgdu liði að Odda og gróðursetji 10-12 tré. Stjórnsýslunni verður boðið á þennan viðburð og Stúdentaráð í heild sinni er hvatt til að mæta. Markmiðið er þó líka fá nýnema með okkur í lið.

Viðburðurinn er sirka klukkutími og Isabel ræðir hversu mikilvægt það er að mæta. Viðburður alþjóðanefndar féll niður en mentorar hitta sína hópa til að kynna þeim fyrir skólann.

c. Skólahald í haust: Eftir því sem skrifstofan kemst næst eru um þessar mundir að eiga sér stað samráð milli háskólana og milli háskólana og ráðuneytisins. Reynt er að ganga út frá því að misserið verði sem hefðbundnast (nýnemadagar hluti af því og þeir standa óhaggaðir enn sem komið er) og reynt verður að taka á móti eins mörgum og hægt er, og nota stafrænar lausnir eftir þörfum. Hér verður að minna á að stjórnsýsla skólans er stór og flókið, fræðasviðin hafa sitt ákveðið sjálfstæði og það leiðir til þess að ákvarðanir í þessum efnun verði ólíkar eftir sviðum. Isabel mun ræða betur við rektor og kennslusvið vegna skólahalds í haust. Stefnan verður svipuð og í vor, með aukinni staðkennslu en rafrænum lausnum. Annars er ekki mikið vitað um þetta núna vegna Covid-19, óvissan er annars eðlis, verið að púsla öllu saman um þessar mundir.

- i. Núverandi takmarkanir gilda til 27. ágúst og svo er óljóst hvað tekur við. Núna er 200 manna samkomutakmörkun og 1 metra reglan. Þá skal nota grímur þar sem regluna er ekki hægt að virða. Tilkynnt verður um næstu skref þegar slíkt plan liggur fyrir.
- ii. Vatnslekinn gerir félagsvísindasviði erfiðara að raða í stofur, enda er jarðhæðin á HT alveg úti en þar eru alls 6 kennslustofur sem detta út. Það er bæði flókið að koma fyrir kennslu og þjónustu.

d. Hjólum í háskólann: Stúdentaráð efnir til átaks með Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands og Háskóla Íslands í haust. Það er hluti af stærra átaki með svokallaða Vatnsmýrahópnum, sem samanstendur af viðeigandi hagaðilum Vatnsmýrarsvæðis t.d. Landspítala, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Strætó, Félagsstofnun stúdenta og Vegagerðinni. Ráðgert er að átakið fari fram 6. - 10.

september. Umhverfis- og samgöngunefnd sér um allt utanumhald. **Það er einnig hægt að skrá allt labb!**

- e. Fjárhagsáætlun:** Líkt og framkvæmdastýra útskýrði á síðasta fundi erum við enn að bíða eftir viðræðum við Háskóla Íslands til þess að geta klárað fjárhagsáætlunina. Gera má gróflega ráð fyrir að hún komi á borð Stúdentaráðs í október. Þetta er háð samningum og framlögum og það er ekki komið á hreint.

Lilja Hrönn mætir 17:18

f. Herferð Stúdentaráðs:

- i. Aton JL, auglýsingastofa Landsbankans, sér um allt markaðsefnið sem verður birt á samfélagsmiðlum og innan veggja skólans.
- ii. Það verður lendingarsíða á student.is þannig allt annað efni sem við deilum mun vísa í heimasíðuna. Þar munu vera frekari upplýsingar um málefnið.
- iii. Samstarf með Politica er staðfest og mun fela í sér tvö pallborð; eitt í byrjun september (3) og annað um miðjan september (16).
- iv. Starfshópurinn mun afhenda skýrslu að herferðinni lokinni og kynna hana fyrir Stúdentaráð. Sama má segja um skýrslu verkefnastjóra.
- v. **Kynningarefni herferðarinnar er komið á hreint. Það er verið að reyna að keyra herferðina fyrr og verður eins uppbyggð og síðast í janúar. Ákveðnar dagsetningar eru komnar um birtingu á efni á samfélagsmiðlum en það getur alltaf breyst lítillega. Upptökur fara fram í stúdíói í Setbergi í HÍ en það verður utanaðkomandi myndatökumaður fenginn í að taka upp stærra myndband til að kjarna meginhugmyndina saman. Einnig verður skrifuð skýrsla um herferðina og farið verður yfir hana á Stúdentaráðsfundi að henni lokinni..**

- g. Loftslagsverkfall:** Stúdentaráð er hluti af skipulagsteymi verkfallsins og hefur frá stofnun staðið vaktina á Austurvelli alla föstudaga. Stúdentaráðsliðar eru sérstaklega hvattir til að fjölmenna á verkföllin í haust og gera nýja átakanu hátt undir höfði:

- i. Loftslagsverkfallið heldur utan um [þrjá upplýsingafundi](#) um stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir verða allir haldnir í Norræna húsinu og á þá munu mæta sérfræðingar í loftslagsmálum og sjálfbærni. Fundirnir eru í anda upplýsingafunda almannavarna, þar sem neyðarástand ríkis í loftslagsmálum.
- ii. **Isabel ræðir frekar um skyldumætingu á loftslagsverkfallið, skipta í hópa til að mæta á föstudögum og mikilvægi þess að stúdentaráðsliðar mæti og sjá þau þar. Loftslagsverkfallið verður að heyra meira undir umhverfis- og samgöngunefnd í samráði við skrifstofuna, enda málefni sem heyrir undir**

- nefndina. Isabel minnir á að það eru þrjú upplýsingafundir í linknum fyrir ofan. Fundirnir eru einnig rafrænir og því ætti ekki að vera erfitt að mæta.
- h. Handbók stúdentaráðs 2020-2021:** Tól allra meðlima Stúdentaráðs sem skal hafa innan handar. Þetta er áminning á að hún sé til og gott að skoða hana.
 - i. Fundir í haust:** Það þarf að ákveða einn vikudag sem hentar meirihluta stúdentaráðs, það verður kosning um það (rafræn).
 - j. Yfirlýsing vegna Afganistan:** Átti að vera undir öðrum málum á ágúst fundi (18. ágúst) en fundinum var frestað vegna veikinda stúdentaráðsliða af ytri ástæðum. Það var þess vegna rafræn kosning um yfirlýsinguna í síðustu viku, sem heimilt er að efna til þannig að Stúdentaráð geti tekið afstöðu til ýmissa mála. Þetta mál var þannig að það spurði hvorki um stað né stund en fylgt var lögum og verklagsreglum Stúdentaráðs.
 - k. Fundur með félagsmálaráðherra 25 ágúst:** Það var engin formleg dagskrá. Það var rætt helst um þrjú mál: staða Afganistans, atvinnuleysisbætur og sumarstörf.
 - l. Kennsluakademían:** Rætt var um kennsluakademíuna og hvernig var farið yfir það eftir síðasta fund. Kennslumálanefnd Stúdentaráðs kemur ekki lengur að verkefninu í þeirri mynd sem fyrst var óskað eftir.
 - m. Íþróttaskólinn:** Eins og stendur vitum við ekki hvort hægt sé að fara af stað með skólann. Þurfum að vera alveg viss um að við getum tryggt öryggi kennaranna og barnanna. Ef hann fer fram þá verður hann haldinn í íþróttahúsi háskólans líkt og undanfarin ár. Framkvæmdastjóri mun ráðfæra sig við yfirstjórn skólans vegna þessa.
 - n. Stjórn Stúdentaráðs:** Sagt frá síðustu fundum stjórnar og því sem þar fór fram. Það voru gerð mistök hjá LÍS með skipun. Sara var skipuð en Vífill átti að vera skipaður. Það er búið að leiðrétta það núna.

Engar spurningar varðandi þessi mál

4. Lög Stúdentasjóðs (kynning) 17:25-17:40

Presentation on the Student Fund's Laws

- a. Sjóðsstjórn skilaði inn athugasemdir í vor, sem er venjan til að ganga úr skugga um að allt sé með felldu. Lagabreytingarnefnd vann úr athugasemdum frá sjóðsstjórn og skrifstofu. Haukur fráfarandi forseti sjóðsstjórnar og Lilja Hrönn forseti lagabreytinganefndar koma upp til að fara yfir löginstúdentasjóðs.
- a. Til upplýsinga: Skrifstofan heldur utan um fjármagnið. En stjórn stúdentasjóðs tekur ákvarðanir um úthlutunina á styrknum. Hann heyrir undir háskólaráð ekki Stúdentaráð skv. reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

- b. Haukur og Lilja fara yfir þær upplýsingar sem vantaði í lögnum og hvað þurfti að skýra betur, eins og hversu oft félagið getur sótt um styrk. Einnig um samræmingu við lög Stúdentaráðs og reglur fyrir Háskóla Íslands.
 - c. Ástæðan fyrir því að ekki er kosið um lög sjóðsins eða ráðsins, eða skipun fylkinga í sjóðsstjórn, er sú að það er ósamræmi í lögum sjóðsins með reglum fyrir Háskóla Íslands um skipan stjórnarinnar. Í lögum sjóðsins er kveðið á um að stjórnarmeðlimir séu sjö, tveir tilnefndir af Stúdentaráði og sjö tilnefndir af sviðsráðunum. Í reglum háskólans er hins vegar kveðið á um að meðlimirnir séu fimm. Skrifstofan er því búin að senda inn tillögu að breytingu á reglum háskólans sem háskólaráð mun taka fyrir á næsta fundi, í byrjun september.
 - d. *Sjá upptöku fyrir nánari upplýsingar um breytingar á lögum.*
5. Lög Stúdentaráðs (Umræður) 17:40-17:50
Discussions on the Student Council's laws
- a. *Rætt var um lög stúdentaráðs, sjá nánari upplýsingar um það í upptöku og hér að ofan.*
6. Vísindaferð í Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:15
Vote on a proposal for Informational visits to the Student Council
- a. *Tillaga borin upp af forseta Stúdentaráðs. Forseti flytur tillöguna.*

*Stúdentaráðsfundur
25. ágúst 2021*

- T I L L A G A -

Vísindaferð Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi *þriðja skólaárið* í röð vísindaferð líkt og samþykkt hefur verið síðustu tvö árin. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess, réttindaskrifstofunnar og sviðsráðana fyrir stúdentum Háskóla Íslands. Þá er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið.

Rökstuðningur

Ætlunin er eins og fyrr segir að fá sem flesta stúdenta til að sækja viðburðinn og því er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið.

Þannig þróar Stúdentaráð hugmyndina áfram með það í huga að fleiri geti sótt viðburðinn sem og hægt sé að kynna sviðsráð á sama tíma. Fyrirséð er þá að umræður og spjall skapist milli stúdenta á ólíkum námsleiðum þar sem þau eiga það sameiginlegt að vera af sama sviði. Hugðarefni stúdenta eru oft ólík eftir því hvaða sviðum þeir eru á og því mikilvægt að vettvangur skapist fyrir sértækari umræður. Þá er líka mögulegt fyrir nemendafélög að sleppa því að bjóða upp á vísindaferð og hvetja sitt félagsfólk til að skrá sig, en miserfitt er að bóka vísindaferðir fyrir nemendafélög og fjölmenna. Líkt og í vísindaferðirnar sem haldnar voru 2019 og 2020 verða 150 pláss í boði og svo opið á biðlista. Þess má geta að það fylltist í báðar vísindaferðirnar þegar þær voru haldnar sem má túlka sem svo að mikill áhugi hafi verið hjá stúdentum.

Rætt verður við Félagsstofnun stúdenta (FS) um afnot af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans ef til þess kemur vegna annarra atriða. Viðburðurinn yrði með svipuðu sniði og áður: kynning á Stúdentaráði, pubquiz, veglegt happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv. Að auki yrði kynning á sviðsráði hvers sviðs fyrir sig (ef vísó fyrir Hugs, þá kynnir sviðsráð Hugs!). Rætt verður við Ölgerðina/Þrennu/FS með bjórmál og mun skrifstofan fara í það, en síðast kom góð niðurstaða í þau mál.

Vegna samfélagsástandsins verður að gæta hófs og fylgja fyrirmælum yfirvalda og heilbrigðisyfirvalda til hins ítrasta. Skyldu aðstæður í samfélaginu breytast enn frekar og hertar aðgerðir boðaðar af yfirvöldum skal endurskoða framkvæmd þessara viðburða. Öryggi stúdenta sem og starfsfólks er í fyrirrúmi. Vegna þeirra saka verður **ekki** boðið upp á hnetumix eða franskar.

Skrifstofu Stúdentaráðs, sviðsráðum og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn. Þá er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga.

Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest.

Þó við séum að stefna að því að halda fimm vísindaferðir verður að sjálfsgöðu ekkert slegið af metnaði í skipulagningu. Fimmföld gleði!

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

- b. Rætt var um hvað það væri gott að hafa fimm vísindaferðir, fyrir hvert svið, af því að þá eru fleiri sæti í boði og Stúdentaráð teygir anga sína víðar. Áður fyrr hafa sætin fyllst hratt í þessa vísindaferðir (áður tvær), þess vegna var ákveðið að hafa fimm. Menntavísindasvið fær að vera á þessu misseri til að ná staðlotunum, og það verður líklegast byrjað með hugvísindasviði. Sviðsráðin mega þó skipta um dagsetningar sín á milli, svo lengi sem það gengur upp miðað við skólaárið. Félagslífs- og menningarnefnd mun halda utan um viðburðina í samráði við fulltrúa sviðsráðanna. Nemendafélögin verða látin vita og reynt verður að vinna með þeim eins og náð og auðið er.
- c. **Fjármagn:** Fjárhagsáætlun verður borin undir stjórn áður en það verður fjárfestað í einhverju. FS og Síminn voru helstu bakhjarlar fyrir þessa viðburði 2019. Fé stúdentaráðs er aðeins varið í hagsmunabaráttu og þurfa undantekningar að fara fyrir Stúdentaráð til samþykktar.

Engar spurningar um tillöguna

- d. Atkvæðagreiðsla
i. 14 samþykkja

Stefán Kári kom á fundinn 18:07 (rafrænt)

7. Hlé 17:55-18:08

Intermission

Það var gleymt að fara yfir eitt mál í lögum stúdentasjóðs. Það var gert - sjá nánari upplýsingar um það í upptöku fundarins.

Jóna Guðbjörg kemur rétt eftir hlé

8. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:09-18:59

Vote on the Student Council's committees implementation plans

- a. **Fjármála- og Atvinnulífsnefnd:** Birta Karen Tryggvadóttir, forseti nefndar og María Sól nefndarmeðlimur kynna
- i. Samstarf við Fortunea
 - ii. Grein í stúdentablaði, um hvernig á að spara betur og margt fleira
 - iii. Fræðslumyndband með landsbankanum, í samstarfi við skrifstofu SHÍ
 - iv. Bæta aðgengi og sýnileika nefndarinnar
 - v. Taka þátt í atvinnudögum sem verður líklegast í lok janúar/byrjun febrúar
 1. Þema: nýsköpun fyrirtækja, fjölbreytileiki og eitthvað sem höfðar til allra
 2. Bæta tengingu atvinnulífsins og Háskólans
 - vi. Bjóða upp á vísindaferð á haust- og vorönn
 - vii. Tengslatorg: bæta aðgengi síðunnar
 - viii. *Sjá upptöku fyrir nánari upplýsingar um stefnu nefndarinnar*
- b. **Félagsvísinda- og menningarnefnd:** Stefán kári, forseti nefnar, kynnir rafrænt
- i. Markmið: sporna gegn félagslegri einangrun í HÍ
 - ii. Halda viðburði:
 1. Fjölskylduvænn bbq viðburður í húdýragarðinum (ný hugmynd)
 2. Fótboltamót, nýnemamót SHÍ (3. sept)
 3. Fimm vísindaferðir
 4. Partý bingó
 5. Vísindaferð í þrennu
 6. Fyndnasti háskólaneminn (lok febrúar eða byrjun mars)
- c. **Fjölskyldunefnd:** Jóna Guðbjörg, forseti nefndar, kynnir
- i. Halda áfram með könnun sem var undirbúin 2020 - fyrir foreldra í HÍ. Könnunin snýst um rafrænan háskóla og áhrif covid. Það á eftir að semja spurningarnar.
 - ii. Kanna als kyns mál:
 1. barnastyrki, fæðingarstyrk
 2. Leikskóli FS og skerðing á opnunartími hans (tengt framkvæmdum Vetrargarða).
 3. Sveigjanlegir vistunartímar í prófatíð og sveigjanleg sumartíð
 4. Skipti aðstöður í HÍ - fyrir öll kyn til að skipta á börnum sínum

5. Koma fyrir les herbergi fyrir fjölskyldur, einnig barnvænt herbergi fyrir fjölskyldur til að njóta saman/ gera aðra nauðsynlega hluti eins og gefa brjóst
 6. Kanna hvort HÍ vilji gera fjölskyldustefnu
 7. Kanna stöðu á fjölskyldu íbúðum og hvað verður gert í Vetrargörðum, hvort það verði tekið almennilega í gegn.
- iii. Viðburðir: síðsumarhátíð/vorhátíð, fjölskyldudag, íþróttaskólinn
 - iv. *Sjá upptöku fyrir frekari upplýsingar um stefnu nefndar*

Athugasemdir úr sal:

- Könnunin, ætti að vera í samráði við sviðsráðin.
- d. **Jafnréttisnefnd:** Erlingur, forseti nefndar, kynnir (Alma átti að kynna fyrir alþjóðanefnd en komst ekki á fundinn því kemur Erlingur í staðinn)
- i. Kanna als skyns mál:
 1. Aðgengismál í skólanum, gefa fólki rödd sem er með minna aðgengi en aðrir
 - a. Blindraletur, heyrnarlausir (samstarf með sviðsráðum um úttekt á aðgengi)
 2. Andleg veikindi og réttindi nemenda
 - a. Aukin sálfræðiþjónusta
 - b. fræðsla fyrir kennara um andlega heilsu
 - c. mögulegt samstarf með Hugrónu
 3. Hinseginmál: aukin fræðsla, stöðla að aukinni fræðslu (samningur samtök 78 við MvS fyrir kennara og nemendur - þrýsta þessum samningi á fleiri svið)
 4. Samstarf með Q félaginu
 5. Kynlaus klósett - þrýstingur á stjórnvöld

Isabel bætir við að það hefur verið tilkynnt um þetta áður fyrr

- ii. Viðburðir: Fjölbreyttir og passa upp á aðgengi fyrir alla
- iii. *Sjá upptöku fyrir frekari upplýsingar um stefnu nefndar*

Athugasemdir úr sal:

- Allt sem er birt á samfélagsmiðla ætti að vera birt á ensku líka
- Einnig sniðugt að hafa margt efni á pólsku

Fjármálanefnd og atvinnulífsnefnd atkvæðagreiðsla

- a. 14 atvkæði
- b. samþykkt

Félagsvísinda-og menningarnefnd atkvæðagreiðsla

- a. 13 atkvæði og 1 situr hjá
- b. samþykkt

Fjölskyldunefnd

- a. 13 atkvæði og 1 situr hjá
- b. samþykkt

Jafnréttisnefnd

- a. 13 atkvæði og 1 situr hjá
- b. samþykkt

19:02 lauk atkvæðum

9. Önnur mál 19:

Other issues

- a. Annað mál: Inga tekur til máls um að áhugi sé hjá greinilega mörgum nefndum Stúdentaráðs um að skoða stöðu nemenda. Það yrði sniðugt að búa til könnun sem yrði sent út á haustmisseri sem allar nefndir geta tekið þátt í (eða þær sem vilja). Inga biðst til að leiða þessa vinnu og taka allt saman.
 - i. Stúdentaráðsliðar ræða sín á milli um hvernig væri best að gera þessa könnun og að fjölskyldunefnd ætti að vera með í þessari könnun, svo það sé ekki verið búa til margar kannanir (frekar að samræma milli nefnda og búa til eina könnun).
 - ii. mikilvægt að hvetja foreldra og aðra nemendur til þess að taka þátt í könnuninni.
 - iii. Forsetar allra nefnda ættu að funda saman og ræða þetta verkefni
 - iv. Koma síðar með tillögu til að kjósa
- b. Isabel sendir út rafræna könnun fyrir aðalfulltrúa í Stúdentaráði til að velja fundardaga út desember. Viðstaddir aðalfulltrúar taka hana snöggvast og aðrir svara henni seinna.

10. Fundi slitið 19:03-19:13

Meeting ends